



453. fundur

**haldinn í bæjarráðssal,
fimmtudaginn 24.september 2009 og hófst hann kl. 17.00**

Fundinn sátu: Elísabet Lára Björgvinsdóttir formaður, Gretar D. Pálsson, Lárus Á. Hannesson, Erla Friðriksdóttir bæjarstjóri og Þór Örn Jónsson bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Þór Örn Jónsson bæjarritari.

Elísabet Lára Björgvinsdóttir formaður setti fund og fól Erla Friðriksdóttur bæjarstjóra fundarstjórn.

Fundargerðir nefnda.

1. 0909030 - Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 21.09.2009 (61. fundur).

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2. 0909023 - Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 22.09.2009 (121. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 1 fjárhús í Nýrækt.

Valdimar Kúld kt. 180962-4689 og Heimir Kúld kt. 131265-4179 óska eftir stöðuleyfi á fjárhúsi í Nýræktarlandi sbr. bréf og teikningar dags. 04.09.2009.

Erindi samþykkt. Nefndin ítrekar að teknar verði upp viðræður við Ræktunarfélag Stykkishólms um framtíðarstefnumótun á svæði þess.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 2 Arnarborg 18. Sumarhús.

Skipavík ehf /Sævar Harðarson kt. 070766-5159 sækir um að byggja sumarhús á lóð nr. 18 við Arnarborg samkvæmt teikningum frá Skipavík ehf/ Sigurjóni Jónssyni dags 10.10.2008. Stærðir: 97,8 m², 268,5 m³.

Nefndin leggur til að samþykkja erindið að uppfylltum skilyrðum byggingarreglugerðar og með fyrirvara á að aðkoma færist innar á lóð frá lóðarmörkum og að hús standi í það minnsta 1.5 m vestan við háspennustreng, sem liggur í lóðinni og að aðgengi að strengnum verði óskert.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Liður 4 Aðalskipulagstillaga Helgafellssveitar.

Lögð fram til umsagnar tillaga að Aðalskipulagi fyrir Helgafellssveit, sbr., bréf og gögn frá Jökli Helgasyni skipulags- og byggingarfulltrúa dags. 04.09.2009.

Nefndin gerir athugasemdir við að vatnsverndarsvæði í Svelgsárhrauni er ekki skilgreint á aðalskipulagsupprætti.

Þessum lið er vísað til liðar 33 á dagskrá fundarins.

Liður 5 Borgarbraut 8-8a, klæðning á útvegg og endurnýjun á gluggum.

Sverrir Hermannsson kt. 130355-5019 sækir um f.h. Hótelis Stykkishólms að klæða suðausturhlið hússins ásamt að endurnýja glugga samkv. bréf dags. 16.09.2009 og teikn frá Verkfræðistofu Hauks Ásgeirssonar. dags. 3.09.2009.



Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum byggingarreglugerðar.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

3. 0909020 - Fundargerð fræðslunefndar, dags. 14.09.2009 (100. fundur).

Fundargerð framlögð. **Liður 2** skólanámsskrá Grunnskóla Stykkishólms samþykkt.
Fundargerð samþykkt.

4. 0909011 - Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis, dags. 08.09.2009 (38. fundur).

Fundargerð framlögð og samþykkt.

5. 0909001 - Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar, dags. 31.08.2009 (33. fundur).

Fundargerð framlögð og samþykkt.

6. 0908013 - Fundargerð húsnaðisnefndar, dags. 19.08.2009 (55. fundur).

Fundargerð framlögð, efni fundar: Úthlutun íbúðar að Skúlagötu 9, 2 herbergja í kjallara.

Íbúð úthlutað til Einars Marteins Bergþórssonar. Til vara: Hallvarður Svavarsson.

Samþykkt að úthluta Einari Marteini Bergþórssyni íbúðina.

Fundargerð samþykkt.

Aðrar fundargerðir.

7. 0909014 - Fundargerð Breiðafjarðarnefndar, dags. 12.08.2009 (104. fundur), (www.breidafjordur.is).

Framlagt.

Erindi til kynningar.

8. 0909031 - Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 21.09.2009 varðandi fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2009.

Framlagt.

9. 0909034 - Ályktanir aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi sem haldinn var í Reykholti dagana 11. og 12. september sl.

Framlagt.

10. 0909035 - Bréf Velferðarvaktarinnar, dags. 16.09.2009 varðandi áskorun um að tryggð verði að öll börn fái hádegisverð í skólum landsins.

Framlagt.

11. 0909029 - Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 15.09.2009 varðandi ársfund sjóðsins (02.10.2009).

Framlagt.

12. 0909028 - Bréf Sorpurðunar Vesturlands hf., dags. 16.09.2009 varðandi gjaldskrárbreytingu.

Framlagt.

13. 0909036 - Bréf Kvenfélagasambands Íslands, dags. 21.09.2009 varðandi ályktanir sem samþykktar voru á landsþingi Kvenfélagasambands Íslands sem fram fór í Stykkishólmi í lok júní sl.



- Framlagt.
- 14. 0909025 - Bréf Varasjóðs húsnæðismála, ódags. varðandi kvittun fyrir framlagi sveitarfélags í Varasjóð húsnæðismála vegna ársins 2009.**
Framlagt.
- 15. 0909024 - Bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 11.09.2009 varðandi uppgjör á framlagi vegna lækkaðra fasteignaskattstekna 2009.**
Framlagt.
- 16. 0909021 - Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 14.09.2009 varðandi umsögn sambandsins um frumvarp til laga um sveitarstjórnarkosningar.**
Framlagt.
- 17. 0909017 - Bréf samgönguráðuneytis, dags. 04.09.2009 varðandi skil á gögnum vegna ársreiknings 2008 og/eða þriggja ára áætlun 2010-2012.**
Framlagt.
- 18. 0909013 - Bréf menntamálaráðuneytis, dags. 07.09.2009 varðandi evrópskan tungumáladag 26.09.2009.**
Framlagt.
- 19. 0909012 - Bréf þjónustu-og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og dauðblinda einstaklinga, dags. 01.09.2009 varðandi kynningu á starfsemi miðstöðvarinnar.**
Framlagt.
- 20. 0909004 - Þakkir frá vinabæjum vegna vinabæjarmóts 26.-29. ágúst 2009.**
Framlagt.
- 21. 0908023 - Bréf fjárlaganefndar, dags. 28.08.2009 varðandi fund sveitastjórnar með fjárlaganefnd Alþingis haustið 2009.**
Framlagt. Stykkishólmsbær á tíma með fjárlaganefnd mánudaginn 28.09.2009.
- 22. 0908020 - Ljósrit af umsókn um leyfi til áfrýjunar dóms Héraðsdóms Vesturlands í málinu nr. E-364/2008: Guðríður Anna Jóhannesdóttir og Gullver sf. gegn Gestí Hólmi Kristinssyni og Stykkishólmsbæ.**
Framlagt.
- 23. 0908019 - Bréf Hafnasambands Íslands, dags. 21.08.2009 varðandi hafnafund 18.09.2009.**
Framlagt.
- 24. 0908018 - Bréf SSV, dags. 18.08.2009 varðandi aðalfund upplýsinga- og kynningarmiðstöðvar Vesturlands (07.09.2009).**
Framlagt.
- 25. 0908014 - Bréf til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 20.08.2009 varðandi styrk til Eldfjallasafns í Stykkishólmi.**
Framlagt.
- 26. 0909003 - Bréf til menntamálaráðuneytis varðandi leigu á húsnæði fyrir FSN í Grundarfirði.**
Framlagt.
- 27. 0909033 - Bréf Vinnueftirlits ríkisins, ódags. varðandi skyldur vinnuverndarstarfs í fyrirtækjum og vinnuverndarviku (19.-25. okt. 2009).**
Framlagt.
- 28. 0909027 - Bréf Vinnueftirlitsins, dags. 06.07.2009 varðandi áhættumat starfa og forvarnir vegna öryggis og heilsu starfsmanna.**
Framlagt.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir.



29. 0909032 - Bréf FSSF, dags. 17.09.2009, trúnaðarmál (tvö mál).

Erindi samþykkt.

30. 0909026 - Bréf Bandalags íslenskra leikfélaga, dags. 10.09.2009 varðandi sumarskóla bandalagsins.

Bæjaráð sér sér ekki fært að verða við erindinu.

31. 0909019 - Bréf Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, dags. sept. 2009 varðandi umsókn um styrk vegna Eldvarnarátaksins 2009.

Bæjaráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

32. 0909018 - Bréf Grundarfjarðarbæjar, dags. 10.09.2009 varðandi sameiningarmál sveitarfélaga á Snæfellsnesi.

Bæjarráð Stykkishólmsbæjar tekur undir að aukið samstarf og möguleg sameining sveitarfélaga á Snæfellsnesi þurfi að vera til skoðunar. Í því sambandi minnir bæjarráð á eftirfarandi samþykkt aðalfundar Héraðsnefndar Snæfellinga frá 9.febrúar 2009.

Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga haldinn í Samkomuhúsinu í Grundarfirði mánudaginn 9. febrúar 2009 hvetur til að sveitarstjórnir á Snæfellsnesi haldi sameiginlegan fund til að ræða aukna samvinnu og/eða sameiningu. Fundurinn verði haldinn í september 2009. Héraðsráð sjái um undirbúning og boðun fundarins.

Bæjarráð Stykkishólmsbæjar hvetur til að farið verði að þeirri samþykkt og boðað verði til fundar með sveitarstjórnnum á næstu vikum.

33. 0909010 - Bréf Jökuls Helgasonar, skipulags- og byggingarfulltrúa, dags. 04.09.2009 varðandi aðalskipulag Helgafellssveitar 2008-2020.

Erindinu vísað til næsta bæjarstjórnarfundar.

34. 0909009 - Bréf Sýslumanns Snæfellinga, dags. 01.09.2009 varðandi afskriftir á útsvari.

Afskriftir samþykktar.

35. 0909008 - Bréf Vegagerðarinnar, dags. 03.09.2009 varðandi endurskoðun á umferðarhraða í landi Stykkishólmsbæjar.

Eftirfarandi breytingar á umferðarhraða í landi Stykkishólmsbæjar eru samþykktar:

- 90 km hámarkshraði verði að Flugvallarvegi.
- 70 km hámarkshraði verði frá Flugvallarvegi að Kirkjugarði.
- 50 km hámarkshraði verði frá Kirkjugarði að Tjarnarási.
- 35 km hámarkshraði verði annars staðar innanbæjar.

36. 0909007 - Sjö mánaða uppgjör Stykkishólmsbæjar.

Þór Örn bæjarritari fór yfir sjö mánaða uppgjör Stykkishólmsbæjar.

37. 0909002 - Bréf foreldrafélags fótboltans, dags. 27.08.2009 varðandi umhirðu á íþróttaleikvangi Stykkishólmsbæjar.

Vísað til æskulýðs- og íþróttanefndar og forstöðumanns íþróttamannvirkja varðandi almenna umhirðu íþróttavallar.

38. 0908021 - Bréf KSÍ, dags. 27.08.2009 varðandi notkun knattspyrnuvallar í Stykkishólmi.

Bréf framkvæmdastjóra KSÍ er greinilega skrifað af fljótfærni og byggt að miklu leiti á röngum upplýsingum. Bæjaryfirvöld höfðu hvorki frumkvæði að né samþykktu að íþróttavöllur væri nýttur sem tjaldsvæði yfir Dönsku dagana. Ennfremur var hreinsun vallarins ekki lokið þegar bréf framkvæmdastjórans barst en því haldið fram í bréfinu að svo hafi verið.



Í ljósi þess sem gerst hafði höfðu bæjaryfirvöld samstarf við foreldrafélög Umf. Snæfells við hreinsun og lagfæringar á vellinum til að tryggja öryggi þeirra sem nýta hann. Því verki er lokið að mati beggja aðila. Þó mun til öryggis verða farið yfir völlinn að nýju næsta vor þegar frost eru úr jörð.

Stykkishólmsbær hefur í áratugi stutt æskulýðs og íþróttastarf verulega. Bæði í formi uppbyggingar íþróttamannvirkja og beinna fjárframlaga. Það eiga forystumenn KSÍ að vita og kemur því á óvart að framkvæmdastjóri KSÍ skuli að óathuguðu máli væna bæjaryfirvöld um virðingaleysi gagnvart knattspyrnuíþróttinni. Bæjarráð lítur á þetta sem frumhlaup af hálfu framkvæmdastjóra KSÍ og væntir afsökunarbeiðni af hans hálfu.

Bæjarráð

39. 0908017 - Bréf Lyfjafræðideildar HÍ, dags. 18.08.2009 varðandi styrkbeiðni til forvarnarátaks í menntaskólum landsins.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

Samningar/tilboð.

40. 0909022 - Samningur milli Vegagerðarinnar og Stykkishólmsbæjar um veghald á þjóðvegi í þéttbýli gegnum Stykkishólm fyrir árið 2009.

Samningur framlagður og samþykktur.

Önnur mál.

41. Fyrirspurn frá Lárusi varðandi endurskoðun á rekstri á X-inu.

Félagsstarf er að hluta komið af stað og unnið er að úrvinnslu frekari hugmynda.

42. Fyrirspurn frá Lárusi varðandi svæði undir endurnýtanlegan jarðveg.

Vísað til skipulags- og byggingarnefndar að koma með tillögu að svæði.

43. Fyrirspurn frá Lárusi varðandi húsnæði fyrir leikfélagið.

Erla bæjarstjóri gerði grein fyrir viðræðum við stjórn leikfélagsins og reifaðar voru hugmyndir. Viðræðum verður haldið áfram við leikfélagið.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:30

Þór Örn Jónsson